



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Engjaborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós Engjaborgar	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	4
2.1 Innra mat	4
2.2 Ytra mat	6
3 Innra mat og umbætur deilda	10
3.1 Innra mat Suðurengi	10
3.2 Innra mat Austurengi	12
3.3 Innra mat Norðurengi	14
3.4 Innra mat Vesturengi	16
4 Innra mat og umbætur sérkennslu	18
5 Innra mat og umbætur vegna fjöltyngdra barna	20
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	22
7 Skipulagsdagar	22
8 Foreldrasamvinna	23
9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis	24
9.1 Samstarf Engjaskóli – Engjaborg – Brosbær 2023– 2024	24
10 Fylgigögn	26
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	26
10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal Engjaborgar 2023-2024	26
10.3 Fylgiskjal 3 – Matsáætlun Engjaborgar 2023-2024	26



Leiðarljós Engjaborgar er að vera með leikskólastarf þar sem öll börn fá að blómstra á sínum forsendum og taka virkan þátt í leikskólalífinu.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það er af mörgu að taka þegar segja á frá starfinu í Engjaborg þetta árið. Fagstarfið er orðið nokkuð mótað þó við séum alltaf að endurskoða og aðlaga og dýpka okkur svona eins og á að vera í faglegu leikskólastarfi. Til fastra liða teljast samverustundir, útivera, flæði, könnunaraðferðin, vinirnir Lubbi og Blær eru hér og síðast en alls ekki síst frjálsi leikurinn sem við gefum tíma og rými á hverjum degi og viljum aldrei sleppa.

Við tókum þátt í þróunarverkefninu „Þátttaka barn í leikskólastarfi“ ásamt leikskólunum Funaborg, Hólaborg og Sunnufold og Dr. Önnu Magneu Hreinsdóttur aðjúnkt við Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins var að undirstrika mikilvægi þess að koma auga á hugmyndir barnanna og bregðast við þeim með því að huga að skipulagi leikumhverfis, leikefnis, tíma og þeim möguleikum sem börnin hafa til að þróa hugmyndir sínar og leik í daglegu starfi. Það má vel sjá áhrif þessa verkefnis bæði í þeim sérstöku verkefnum sem farið var í en einnig hefur orðið viðhorfsbreyting hjá starfsfólki. Vilji og skilningur á að bregðast við hugmyndum barna hefur aukist og í daglegu starfi hefur starfsfólk brugðist betur við hugmyndum barna, hvort sem þær eru orðaðar eða barnið sýni þær með öðrum leiðum. Við ætlum okkur að halda þessari vegferð áfram næsta vetur og allar deildir setja sér eitt markmið þar sem þau sérstaklega hlusta á börn og breyta starfinu og láta drauma rætast. Verkefni eins og Barnateymi og Friðengi eru hugmyndir sem kviknuðu í lok þessa þróunarverkefni og verða settar í þessa starfsáætlun.

Á síðasta ári vann sami hópur að þróunarverkefninu „Flæði og samþætting“ og eftir það verkefni urðu til þrjú myndbönd sem ætluð eru til að styrkja nýtt starfsfólk í starfi. Myndböndin komu út núna á vormánuðum og má finna þau hér: <https://menntastefna.is/strengths/flaedi-og-samsetning/>. Starfsfólk Engjaborg lét ekki þar við sitja í starfsþróun sinni heldur hélt til Glasgow í námsferð í vor. Þar fórum við á námskeið í Storytelling og Floorbooks og skoðuðu leikskóla þar sem börnin eru úti 80% af dvalartíma sínum og fara aldrei úr útigallanum. Við eigum eftir að finna íslensk orð fyrir bæði Storytelling og Floorbooks en þau koma þegar við förum að vinna dýpra með þessi verkfæri næsta leikskólaár. Það starfsfólk sem ekki komst í námferðina fór og heimsótti leikskólana Norðurberg í Hafnafirði, Funaborg, Hólaborg og Sunnufold. Áhugi á útinámi og að nýta lóðina okkur betur með því að auka fjölbreytni í útiveru kviknaði hjá báðum hópum og höldum við áfram að skoða það sem við lærðum í þessum námsferðum næsta vetur og setja allar deildir sér markmið með það í huga fyrir næsta vetur.

Við þetta bætast Erasmus ferðir sem aðstoðarleikskólastjóri fór til Dublin og ferð til Amsterdam sem deildarstjórar fóru í. Við erum þakklát fyrir að fá tækifæri til að skoða og fræðast um leikskólastarf í öðrum löndum og upplifum þar meðal annars hvað íslenskir leikskólar standa vel í þeim samanburði. Við innleiðingu Farsældarlagana ákváðum við að fara í breytingar á stuðningi og sérkennslu. Búið var til ferill sem starfsfólk og foreldrar styðjast við ef áhyggjur af börnum vakna. Sett var á laggirnar teymi sem styður við starfsfólk, deildarstjóra og foreldra í þessum aðstæðum. Næsta vetur ætlar þetta teymi líka að aðstoða starfsfólk í samskiptamálum milli starfsmanna. Í þessari áætlun er notað Ráðgjafateymi fyrir þetta teymi. Ákveðið var að þeir starfsmenn sem sjá um stuðning við börn og áður voru undirmenn deildarstjóra barnsins væru nú teymi sem sér um stuðning barna á öllum deildum og hefur sérkennslustjóri umsjón með því. Þetta teljum við miklar framfarir og höldum að nýtt leikskólalíkan komi til með að styðja vel við þessa breytingu.

Að öðrum verkefnum sem við unnum að á síðast ári má telja Starfsmannahandbók, Málstefnu, Námskrá Engjaborgar og Matsáætlun. Starfsmannahandbók og Matsáætlun eru tilbúnar og byrjað er að vinna eftir þeim en Málstefna og Námskrá eru enn í vinnslu og sú vinna heldur áfram næsta leikskólaár.

Pála Pálsdóttir leikskólastjóri Engjaborgar



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

2.1 Innra mat

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólustjóri tóku þátt í þróunarverkefni um innra mat ásamt öllum leikskólum sem tilheyra Austurmiðstöð. Gerð var matsáætlun til fimm ára og fyrir leikskólaárið sem unnið var eftir. Í „Matsáætlun Engjaborgar 2023-2024“ er bæði sett inn mat á námi og velferð barna og einnig voru búin til gögn til að nota fyrir jafningjamat sem verða prufukeyrða á þessu leikskólaári. Jafningamatið metur hvor við séu að gera það sem við ætlum að gera, sem dæmi: er farið yfir Lubbastaf vikunnar á þessari deild.

Eins og áður nýttum við okkur símat þar sem allt starfsfólk kom að matinu, notaðir voru starfsmannafundir, deildarfundir, stjórnteymisfundir, teymisfundir og fundaraðir til þess. Börn og foreldrar komu einnig að mati ákveðinna atriða. Verkefni voru metin og strax farið í umbætur. Börnin komu að mati á samverustundum og Flæði. Hádegismaturinn var nýttur til þess en í hádeginu er opið borð í Listengi þar sem að 7 börn geta borðar í einu, börnin eru af þrem elstu deildunum. Verkefnastjóri stýrði umræðunum og punktaði niður hugmyndir og skoðanir barnanna. Foreldrar voru spurðir hvornig þeir vildu láta taka á móti barninu sínu í upphafi dags og þegar þeir koma að sækja þau. Foreldrar svöruðu spurningkönnun um upplýsingagjöf til foreldra og tóku þátt í endurmati á þeim viðburðum sem þeir tóku þátt í.

Teymi

Nokkuð mörg teymi eru í Engjaborg. Þessi teymi eiga að hittast misoft. Búið er að setja fundartíma í leikskóladagatalið, en teymi geta beðið um aukafund þyki ástæða til.

Í hverju teymi er einn starfsmaður frá hverri deild og verkefnastjóri er í þeim öllum. Í hverju teymi er deildarstjóri sem heldur utan um vinnu teymisins. Starfsmaður deildarinnar sé svo um að halda utan um verkefnið á deildinni sinni. Þau teymi sem við byrjum með haustið 2023 eru; ráðgjafateymi, matsteymi, matartímateymi, útiveruteymi, flæðisteymi, málörvunarteymi, vináttuteymi, könnunaraðferðarteymi, umhverfisteymi. Eins og fram kemur í umbótaáætlun ætlum við einnig að vera með barnateymi næsta vetur og koma börnin þannig að mati á starfi leikskólans.

Fundarraðir

Í fundarröð eru tekin fyrir bæði fagleg og „praktísk“ málefni líðandi stundar. Þau eru endurskoðuð og ígrunduð, komið með hugmyndir að umbótum og verkferlar skýrðir og eftirfylgni með framkvæmd. Fundarefni þessa árs voru: Græn skref, orðaforðabækur, útivera, Þemadagar, leikfanga“stefna“, símanotkun starfsfólks, viðbrögð við hegðun og ferill fyrir stuðning og athuganir. Það sem metið var og komið er til framkvæmdar var meðal annars:



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Þátttaka barna í að meta leikskólastarfið	Starfsmannafundur	Starfsfólk	Börnin hafa komið að mati starfsins og við tekið skoðanir þeirra alvarlega og komið hugmyndum þeirra í framkvæmd. Við viljum gera betur því leikskólinn er fyrir börn og því eiga þau að hafa áhrif.
Undirbúningstímar	Starfsmannafundur	Starfsfólk	Starfsfólki finnst óljóst til til hvers undirbúningstímar eru, hversu margir tímar hver fær og og hvort það megi vera í undirbúning hvar sem er.
Velliðan barna	Starfsmannafundur – ígrundun barna	Starfsfólk – börn	Börn þurfa stundum að vera ein og fá frið fyrir amstri dagsins og stundum að leika í minni hópum í friði og okkur vantar rými.
Samverustundir	Ígrundunarhópar barna	Börn	Flestum finnst gaman í samverustundum en þegar spurt var hvað er leiðinlegt er eina neikvæða svarið „að hlusta á bók.... stundum“
Að koma með og sækja	Tölvupóstur	Foreldrar	Gengur oftast vel bæði að koma með börnin í leikskólann og sækja þau en í þeim tilfellum sem ekki gengur vel að koma með börnin þarf sumt starfsfólk að bregðast fyrir við og mikilvægt að láta foreldra vita símleiðis ef eitthvað kemur upp á yfir daginn, því stundum gleymist það ef foreldrar eru á hraðferð.
Upplýsingagjöf frá leikskóla	Spurningalisti	Foreldrar	Almenn ánægja með upplýsingagjöf til foreldra



2.2 Ytra mat

Starfsmannakönnun var gerð í nóvember/desember af Reykjavíkurborg. Könnunin í ár var töluvert breytt en í fyrsta sinn tók allt starfsfólk Reykjavíkurborgar þátt í könnuninni Stofnun ársins á vegum Gallup. Það þýðir að ekki er jafn gott að bera niðurstöður nákvæmlega saman við kannanir fyrri ára, þar sem allt annað lag er á hlutunum. Áður voru 5 yfirþættir kannaðir en nú voru þeir 9: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti.

Helstu niðurstöður úr meðalskori allra þátta er rétt undir meðaltali hjá starfsfólki Skóla – og frístundasviði. Þátturinn Ánægja og stolt er yfir meðaltali og þá helst spurningarnar „Á heildina litið líður mér vel í starfi mína“ og „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“. Spurningar um vinnuskilyrði er einnig vel yfir meðaltali. Undir meðaltali eru spurningar um launakjör og spurningar sem lúta að áhrifum starfsfólks á deildarstarfið og hlutdeild allra starfsmenna í því.

Niðurstöðurnar voru kynntar á starfsmannafundi 10. maí 2023 og náðust þar góðar umræður og tillögur komu fram sem settar verða í umbótaáætlun sem markmið. Í umræðum á starfsmannafundinum þar sem þessi könnun var vandlega yfirfarin kom fram að finna þarf leiðir sem efla starfsfólk til þess að hafa áhrif á starf deilda og að starfsfólk upplifi að það viti betur til hvers ætlast er til af því.

Foreldrakönnun var gerð í maí af Reykjavíkurborg og var svarhlutfall 70.7%. Yfirþættir könnunarinnar eru fjórir: Barninu líður vel í leikskólanum, Tel barnið mitt vera öruggt, Vingjarnlegt andrúmsloft og Skólanum er vel stjórnað.

Helstu niðurstöður að meðalskori á „heilaránægju með leikskólann“ er fyrir ofan meðaltal leikskóla í Reykjavík. Þau markmið sem sett voru í Starfsáætlun 2022-2023 náðust að hluta til en „Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins“ er enn undir meðaltali eða 3.84 en hefur þó hækkað frá því síðast en þá var það 3.68. Við vinnum áfram að þessu og verða úrbætur settar í áætluninna og leitað ráða hjá foreldrum um hvernig þeir sjá að við getum gert þetta betur.

Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Fræðsla	Að starfsfólk á deilum viti til hvers ætlast er til af því og að það upplifi að það geti haft áhrif á starfsemi deilda	Nám skeið frá utan að komandi aðila fyrir deildarstjóra	Deildarstjórar	Sept	Apríl	Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Það er skýrt til hvers næsti yfirmaður minn ætlast til af mér verði 4,3 Næsti yfirmaður er sanngjarn við starfsfólk verði 4,3 í næstu starfsmannakönnun
Undirbúnings tímar	Að skýrt verðir hvað, hvar og hvernig undirbúningstímar skulu notaðir	Búið verður til verklag og settar reglur sem allir þekkja og fara eftir	Stjórnendateymið	Sept	Nóv	Umræður á starfsmannafundi á starfsdegi 24. nóv og 6. feb	Að starfsfólk skilji tilgang undirbúningstíma og upplifi að þeir séu notaðir þannig að þeir nýtist deildum og á sanngjarna hátt
Áhrif starfsfólks á starfið	Að starfsfólk viti hvernig það getur haft áhrif á starf á deildum	Gerð verði sýnilegt hvernig allt starfsfólk getur haft áhrif á starf leikskólans. Gerð verður áætlun fyrir deildarfundum	Leikskóla stjórn Deildarstjórar	Okt Okt	Okt Okt	Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Þegar á heildina er litið hef ég mikil áhrif á hvernig starf mitt er unnið verði 4,3



Uppeldis- og menntastarf

Skólanámskrá	Að til sé námskrá sen endurspeglar starfið sem unnið er í Engjuborg	Haldið verður áfram að skrifa skólanámskrá á	Leikskólastjóri Verkefnastjóri	Sep t	Mar s		Námskrá verði tilbúin eftir þetta leikskólaári
Barnateymi	Að auka þátttöku barna í starfi leikskólans	Búin verða til fjögur barnateymi þar sem farið er yfir afmarkaða þætti starfsins	Verkefnastjóri	Sep t	apríl	Í umræðum í teymunum og útbætur framkvæmdar strax	Börnin upplifi að það sé hlustað á þau og sjá árangur af því að vera í barnateymi
Friðengi	Að börn hafi tækifæri til að fá næði og friði í amstri dagsins	Friðengi sé staður fyrir börn sem þurfa frið. Gerðar umgengisreglur fyrir svæðið	Sérkennslustjóri	Sep t	Okt	Ígrundinarhópur barna	Börnin upplifi að þau eigi griðarstað sem þau fái að nota.
Foreldra samtöl	Leikskólinn heldur mætur um upplýstum um framfarir barnsins	Í upphafi leikskólaárs er búin til áætlun með dagsetningu fyrir hvert barn á deildinni	Deildarstjórar	Sep t	Sep t	Foreldrakönnun	Að skor í næstu könnun verði 4.1
Ráðgjöf um uppeldi, heilsu og samskipti	Að foreldrar viti að þeir geti leitað til leikskólans þegar þeir þurfa ráðgjöf	Ráðgjafateymi kynni og bjóði foreldrum upp á samtál. Að starfsfólk boðið foreldra strax í samtál og við sjáum breytta hegðun	Sérkennslustjóri Deildarstjórar	Sep t	Maí	Foreldrakönnun	Að skor í næstu könnun verði 4.2



Mannauður/

Leikskólabragur

Styrkleikar og áhugasvið starfsfólks	Að starfsfólk þekki styrkleika og áhugasvið samstarfsfólks	Allt starfsfólk verður kynnt á kaffistofu leikskólans	Leikskólastjóri	Sep t	mar s	Gátlisi	Að allt starfsfólk verði „kynnt“
Hrós í fundargerðir	Að starfsfólk upplifi að það fái hrós þegar það hefur staðið sig vel	Sett verður hrós í fundargerðir og á starfsdögum bent á það sem starfsfólk hefur gert vel	Leikskólastjóri	Sep t	Maí	Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Á mínum vinnustað er starfsfólki hrósað þegar það stendur sig vel verði 4.10

Innra mat

„Matsáættun Engjaborgar 2023-2024“ er með sem fylgiskjal 3



3 Innra mat og umbætur deilda

3.1 Innra mat Suðurengi

Hvað var metið: Að eldri börnin á Suðurengi taki þátt í Flæðinu.

Hvenær: Gátlisti yfirfarinn á starfsdegi 10. maí

Hvernig var metið: Gátlisti og ígrundun starfsfólks

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Við náðum þessu markmiði og allir ánægðir með það. Í upphafi fannst börnunum þetta dálítið of mikið og voru óörugg en núna finnst börnunum þetta skemmtilegt og sækjast í að fara í flæðið á hverjum degi.

Umbætur: Næsta vetur verður barnahópurinn nýr og börnin taka þátt í flæði þegar þau eru tilbúin

Hvað var metið: Gefðu 10

Hvenær: Reglulega yfir veturinn

Hvernig var metið: Gátlisti og samræður á deildarfundum

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Gert átak tvisvar yfir veturinn og gekk vel eftir það og svo smá saman finnst okkur að þetta sé komið inn í starfshætti okkar.

Umbætur: Verður sett sem átaksverkefni inn í leikskóladagatalið

Hvað var metið: Deildin sjálf - rýmið

Hvenær: Á deildarfundum

Hvernig var metið: Samræður starfsfólks. Myndir í upphafi skoðaðar reglulega.

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Breyta þurfti á deildinn vegna þess að eldri börn voru þar en höfðu verið áður og aukið var rými til leikja. Það gengur vel og má sjá aukin hlutverkaleik hjá börnunum eftir breytingar.

Umbætur: Meta þarf umhverfið aftur þegar nýr barnahópur kemur sem er talsvert yngri en börnin sem eru nú á deildinni og svo þarf að breyta eftir þörfum hópsins.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
Umbótaáætlun Suðurengis							
Þátttaka í leikskóla starfi	Að börnin taki meiri þátt í starfinu og kynnist húsnaði leikskólans	Tvö börn fara með starfsmanni að sækja hádegismatinn, síðdegishressinguna og fara með óhreina tauið	Deildarstjóri	Sep	Maí	Gátlisti	Að öll börnin á deildinni sinni þessu hlutverki reglulega
Story telling	Að innleið story telling aðferðin á deildinni	Öll börn fara einu sinni í viku í „storytelling stund“	Deildarstjóri	Sep	Apr	Gátlisti	Að boðið sé upp á „storytelling“ stund einu sinni í viku
Floor books	Starfsfólk læri og öðlist færni í að gera Floorbooks skráningar	Gerðar verða tvær „Floorbooks“ fyrir deildina ein fyrir áramót og ein eftir áramót	Deildarstjóri	Okt	Mar	Deildarstjóri	Að til verði tvær floorbooks eftir veturinn



3.2 Innra mat Austurengi

Hvað var metið: Deildin sjálf rýmið

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn

Hvernig var metið: Verkefnið var hluti af þróunarverkefninu „Þátttaka barna í leikskólastarfi“ veturinn 2022-2023 í samstarfi fjögurra leikskóla auk Háskóla Íslands.

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildarinnar og börnin

Helstu niðurstöður: Breytingar voru gerðar á rými deildarinnar í samræmi við þarfir og langanir barnanna og fylgst með áhugasviði þeirra auk þess sem börnin voru spurð spurninga um það hvernig þau vildu hafa leikskóladeildina sína til þess að nýta hana sem best í tilraunir, verkefni og leik barnanna.

Umbætur: Haldið verður áfram að fylgjast með notkun barnanna á rýminu á deildinni og gerðar verða breytingar ef þarf út frá áhugasviði og þörfum barnanna. Þetta er verkefni sem þarf alltaf að halda á lofti.

Hvað var metið: Skapandi hugur og hönd

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn og á deildarfundi í maí 2023

Hvernig var metið: Starfsfólk passaði upp á að börnin hefðu aðgang að litum og blöðum alla daga auk þess sem börnunum var boðið upp á verkefni til að auka listsköpun þeirra.

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildarinnar

Helstu niðurstöður: Börnunum fór mjög mikið fram í teikningum enda teiknuðu flest þeirra á hverjum degi og stundum í lengri tíma í einu. Það hefði þó mátt hengja oftar listaverk barnanna upp á vegg deildarinnar.

Umbætur: Börnunum verður áfram boðið upp á liti og blöð alla daga.

Hvað var metið: „Gefðu 10“

Hvenær: Á deildarfundi í maí 2023

Hvernig var metið: Með skráningarblaði og á deildarfundi

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Í nóvember var byrjað á „Gefðu 10“. Fjórum börnum var gefið 10 í eina viku í senn og starfsfólk skráði á þar til gert skráningarblað þegar það gaf barni 10. Þegar öll börn höfðu fengið 10 frá starfsfólki láðist að ákveða hvað gera ætti í framhaldi og verkefnið lagðist því í dvala.

Umbætur: Haldið verður áfram að gefa öllum börnum deildarinnar 10 vegna þess að það er hverju barni mikilvægt að starfsmaður gefi sér tíma til að spjalla við það um áhugasvið þess.

Hvað var metið: Sögustundir með brúðum

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn og á deildarfundi í maí 2023

Hvernig var metið: Með skráningum og umræðum á deildarfundum

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildarinnar

Helstu niðurstöður: Öll börn fengu sögustundir með brúðum einu sinni í viku og biðu þau spennt eftir næsta skipti því að börnunum finnst sögustundirnar með því skemmtilegra sem þau gera í leikskólanum. Börnin settu upp tvær leiksýningar fyrir foreldra sem var afrakstur stundanna.

Umbætur: Haldið verður áfram að leyfa börnunum að taka þátt í sögustundum með brúðum.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferði r	Viðmið um árangur
Umbætur Austurengis							
Þátttaka barna	Að börnin fái mismunand i hlutverk til að efla trú á eigin getu	Fundin verða mismunand i hlutverk sem börnin geta tekið þátt í og skipst á að bera ábyrgð á	Deildar -stjóri og starfs- fólk deildar	Sept	Maí	Gátlistar um mismunandi hlutverk sem börnin geta borið ábyrgð á	Að öll börn fá að prófa öll hlut- verk
Þróun floorbooks	Að starfsfólk tileinki sér að nota floorbooks til skráningar fyrir verkefni vetrarins	Gerðar verða tvær floorbooks á deildinni næsta vetur. Önnur fyrir áramót en hin eftir áramót	Deildar -stjóri og starf- fólk deildar	Sept	Maí	Þróun floorbooks	Að til verði tvær floor- books eftir veturinn
Sögustundir með brúðum og fylgihlutum	Að haldið verði áfram að þróa sögustundir með brúðum og fylgihlutum	Sögustundir með brúðum verði skoðaðar út frá 5 skilningar- vitum storytelling	Deildar -stjóri	Sept	Maí	Út frá námi og glósum úr storytelling og sögustunda með brúðum	Að börnin hafi gagn og gaman að sögu- stundu m



3.3 Innra mat Norðurengi

Hvað var metið: Gefðu 10

Hvenær: Veturinn 2022-2023

Hvernig var metið: Á deildarfundum, starfsþróunarsamtölum.

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Starfsfólki deildar þótti þetta verkefni takast vel. Öll þau börn sem þurftu fengu „Gefðu 10“ tíma. Við lögðum áherslu á að grípa börnin í daglegum athöfnum og spjalla við þau. Fyrir utan að auka málörvandi samtal við barnið þá fjölgaði þeim stundum sem barnið átti í jákvæðum samskiptum við starfsmenn deildar.

Umbætur: Við ætlum að nota „Gefðu 10“ áfram en hafa verkefnið einu sinni fyrir áramót og svo aftur eftir áramót. Minnt verður á það í leikskólalagatalinu.

Hvað var metið: Lag vikunnar

Hvenær: Veturinn 2022-2023

Hvernig var metið: Á deildarfundum.

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Þetta verkefni gekk vel. Mörg lög voru sett markvisst inn í samverustundirnar. Börnin lærðu nýja texta og texti laganna var útskýrður. Þetta verkefni var góð og markviss málörvun inn í starfið.

Umbætur: Við ætlum að halda áfram með þetta verkefni.

Hvað var metið: Sögugerð barna

Hvenær: Veturinn 2022-2023

Hvernig var metið: Á deildarfundum, starfsþróunarsamtölum, börnin spurð.

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildarinnar og börnin.

Helstu niðurstöður: Við notuðum Sögugrunninn við sögugerðina. Börnin völdu sér myndir og fóru að spinna sögur. Börnin voru áhugasöm og þau vildu öll segja sögur. Öll fengu þau svo söguskráningu í ferilmöppuna sína.

Umbætur: Við ætlum að fara markvisst inn í sögugerð barna. Setjum sögugerðina inn í samverustundir 1x í viku og ætlum að flétta inn í þetta verkefni, ýmislegt sem við lærðum á Storytelling námskeiði sem starfsmenn Engjaborgar fóru á í Glasgow. Sett í umbótaáætlun Norðurengis 2023-2024.

Hvað var metið: Námsumhverfi sem endurspeglar fjölbreytilegan barnahóp

Hvenær: Veturinn 2022-2023

Hvernig var metið: Á deildarfundum og börnin spurð.

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildarinnar og börnin.

Helstu niðurstöður: Starfsfólk deildar og sérstaklega börnin voru ánægð með þetta verkefni. Foreldrar barna voru beðnir um myndir af fjölskyldunni og einnig mynd sem sýndi áhugamál barnsinns. Þessar myndir voru ræddar í samveru og barnið fékk að segja frá sínum myndum. Myndirnar voru svo settar upp á vegg og börnin ræddu þær sín á milli. Skemmtilegar samræður sköpuðust hjá myndaveggnum og börn af hinum deildunum sýndu verkefninu líka mikinn áhuga. Þetta var skemmtileg samvinna með foreldrum sem allir tóku vel þátt í.

Umbætur: Við ætlum að halda áfram með þetta verkefni.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Umbætur Norðurengis							
Þátttaka barna	Fundin verða hlutverk sem efla þátttöku barna í starfi leik- skólans	Settur verður upp listi með ýmsum hlutverku m og börnin skiptast á að sinna þessum hlutverku m	Deild ar stjóri	Sep	Maí	Gátlistar	Að öll börn fái reglu- lega hlut- verk
Floor books	Starfs- fólk læri og öðlist færni í að gera Floor- books skráninga r	Gerðar verða tvær Floorbooks fyrir deildina ein fyrir áramót og ein eftir áramót	Deild ar stjóri	Sep	Apríl	Gátlisti	Að til verði minnst tvær Floor- books fyrir deildina
Sögugerð barna	Að efla frásagnar hæfni barna	Gerð verður áætlun þar sem notast verður við Story- telling aðferðina	Deild ar stjóri	Sept	Maí	Gátlisti	Að hvert barn fái skráning u



3.4 Innra mat Vesturengi

Hvað var metið: Hlutverkaleikur

Hvenær: Á deildarfundi í maí 2023

Hvernig var metið: Samræður á deildarfundi

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk á deildar, verkefnastjóri og sérkennslustjóri.

Helstu niðurstöður: Þetta komst ekki að fullu til framkvæmdar en vilji til að halda áfram.

Aðgerðir til umbóta: Verður sett aftur í næstu áætlun og einn aðili sem ber ábyrgð á þessu.

Hvað var metið: Gefðu 10

Hvenær: Á deildarfundi í maí 2023

Hvernig var metið: Samræður á deildarfundi

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk á deildar, verkefnastjóri og sérkennslustjóri.

Helstu niðurstöður: Sumir starfsmenn voru mjög virki að gefa 10 en aðrir gleymdu jafnóðum.

Aðgerðir til umbóta: Verður sett í leikskóladagatalið og fræðsla um mikilvægi þessa verkfæris fyrir starfsfólk.

Hvað var metið: Fá börn á svæði/litlir hópar

Hvenær: Á deildarfundi

Hvernig var metið: Samræður á deildarfundi

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildar, verkefnastjóri og sérkennslustjóri.

Helstu niðurstöður: Ranninn var mikið notaður og búið er að gera tvö rými í innra herbergi sem gefur tækifærði til að börnin geti fengið næði til að leika í minni hópum.

Aðgerðir til umbóta: Þetta hefur gengið vel og stefna að áframhaldandi vinnu með þetta.

Hvað var metið: Stærðfræði (hugtök og tölur)

Hvenær: Á deildarfundi

Hvernig var metið: Samræður á deildarfundi

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildar, verkefnastjóri og sérkennslustjóri.

Helstu niðurstöður: Þetta verkefni er enn í startholunum og okkur langar að vinna með það áfram næsta vetur.

Aðgerðir til umbóta: Valin verður ábyrgðaraðili til að halda utan um og búa til/finna efnivið fyrir þetta

Hvað var metið: Markmið og mat á eigin getu.

Hvenær: Vor 2023

Hvernig var metið: umræður á starfsmannafundum og börnin spurð

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk og börn sem settu sér markmið

Helstu niðurstöður: Öll börnin settu sér markmið og voru þau margvísleg allt frá því að læra að kasta í körfu í að læra að borða kínakál. Mörg settu sér markmið um að læra eitthvað sem tengist stöfum og/eða lestri og einn vildi vera góður í að leika við nýja krakka. Þau sem voru spurð tölu sig hafa náð þeim. Starfsfólki fannst það þurfa að vinna markvissar með þetta verkefni og fara reglulega yfir hvað það er sem börnin vilja læra.

Aðgerðir til umbóta: Áminning um eftirfylgni verður sett inn í leikskóladagatal.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umbætur Vesturengis							
Þátttaka barna	Fundin verða hlutverk sem efla þátttöku barna í starfi leikskólans	Settur verður upp listi með ýmsum hlutverkum og börnin skiptast á að sinna þessum hlutverkum	Deildarstjóri	Sep	Maí	Gátlisti	Að öll börn fái reglulega hlutverk
Floorbooks	Starfsfólk læri og öðlist færi í að gera Floorbooks skráningar	Gerðar verða tvær Floorbooks fyrir deildina ein fyrir áramót og ein eftir áramót	Deildarstjóri	Sep	Apríl	Gátlisti	Að til verði minnst tvær Floorbooks fyrir deildina
Storytelling	Að efniviður fyrir storytelling stundir verði aðgengilegur	Búa til kassar fyrir storytelling stundir	Starfsmaður deildar og verk efna stjóri	Nóv	Feb	Gátlisti	Að til verði fjórir Storytelling kassar
Hlutverka leikur	Að efla hlutverkaleik barna	Búnir verða kassar sem börnin geta sjálf sótt það sem þau vantar til að auðga leikinn	Starfsmaður deildar og verk efna stjóri	Okt	Feb	Gátlisti	Sex kassar tilbúnir og aðgengilegir börnunum
Stærðfræði (tölur og hugtök)	Börnin kynnist tölum, fjöldahugtaökum og öðrum stærðfræði hugtökum	Spila borðspil. Tölur og stærðfræðihugtök eru sýnileg á deildinni.	Starfsmaður deildar og verk efna stjóri	Sep	Des	Myndir Samtöl við börn	Myndir af umhverfinu sýna breytignar. Börnin upplifa að þau fá að spila og að þau fá aðgengi að spilum



4 Innra mat og umbætur sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

Stuðningur við börn sem rétt áttu á sérkennslupening (D010) var stuðningur við deildinna. Deildarstjóri ásamt sérkennslustjóra sem mátu, skipulögðu og útfærðu stuðninginn við börnin. Þau börn sem áttu rétt á sérkennslutímum (D011) voru með ákveðinn starfsmann sem sá um sérkennsluna í samráði við sérkennslustjóra. Farið var yfir á hvaða tímum og í hvaða stundum börnin þyrftu stuðning og þá kom stuðningsaðili inn á þeim tímum og vann með barnið í aðstæðum.

Sérkennslan fór að mestu fram inn á deildum barnanna í barnahópnum og í minni hópum allt eftir því hvað hentaði hverju barni. Sumt var unnið með í mjög litlum hóp og svo var færnin yfirfærð inn á deild í barnahópinn með aðstoð stuðningsaðila. Mikil áhersla var lögð á að efla félagsfærni og málþroska barnanna í barnahópnum með því að ákveðnir starfsmenn væru með í leik barnanna. Starfsmaður dregur sig rólega út úr leiknum en heldur nálægð til þess að halda áfram að leiðbeina í framhaldinu og styðja barnið við að haldast í leik. Unnið var með tengslanet barnanna og skoðað hvort allir ættu vin. Í framhaldi var unnið með að efla og styrkja vináttuna og tengslamyndun barnanna.

Einnig var gert rými sem heitir Friðengi. Þangað eiga þau börn að geta leitað sem þurfi ró og næði og þau börn sem upplifa miklar tilfinningar. Í Friðengi geta þau fengið frið til þess í öruggu rými með starfsmann með sér sem að veitir þeim öryggi og stuðning. Þar læra börnin að vinna með tilfinningar sínar, taka á móti þeim og leyfa þeim að ganga yfir og róa sig sjálf. Unnið er með að valdefla börnin í að ná stjórn á sér sjálf og auka sjálfsþekkingu þeirra. Í Friðengi geta verið litir barnahópar í leik og í leikþjálfun og alltaf með starfsmanni. Friðengi er nýtt og við eigum enn eftir að finna leiðir til að nýta það sem best og setja utan um það ramma sem hentar sem flestum börnum.

Hvaða matsgögn voru notuð?		Hljóm-2, AEPS, TRAS, EFI, Íslenski þroskalistinn, Íslenski máhljóðamælirinn, ABILLS. Félagsfærni gátlistar.
Hvaða námsefni var notað?		Mikið efni er til í leikskólanum en einnig var fjárfest í tímavökum, skynörvunardóti og bitdóti.



Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umbætur sérkennsla							
Skýrt verklag og skipulag	Að skipulagið henti barna hópnum hverju sinni og mæti þeim þörfum á hverjum tíma	Yfirfara skipulag reglulega og bæta og breyta með þarfi barnahópsins í huga. Gefðu 10, Efi2 og Hljóm2 og Hæfnisramminn verður sett í leikskóladagatal.	Sérkennslustjóri	Se p	Apr	Fundir með stuðningsaðilum og deildarstjórum.	Að stuðningaðilar upplifi öryggi og betra utanumhald
BBB	Börn og foreldrar fá viðeigandi stuðning sem fyrst.	Festir verða ráðgjafafundir fyrir starfsfólk deild og foreldra í leikskóladagatalið	Sérkennslustjóri, Leikskólastjóri og verkefnastjóri	Se p	Ma rs	Fundir með starfsfólki og/eða foreldrarsamtöl	Foreldra upplifi að börn fá aðstoð um leið og þau þurfa óháð ferlum og greiningu og þeir upplifi að þeir fá góðar upplýsingar, lausnir og stuðning
Teach	Að efla stuðningsaðila í að nota Teach	Sérkennslustjóri fer á námskeið og miðlar þekkingu um til stuðningaðila	Sérkennslustjóri	Se p	Apr	Gátlisti	Stuðningsaðilar geti nýtt sér Teach til þess að mæta börnum þar sem þau eru.



5 Innra mat og umbætur vegna fjöltyngdra barna

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í laun starfsmanns
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)?	Á fyrri hluta leikskólaárs var unnið með „Gefðu 10“ á öllum deildum. Samskiptaorðabækur sem að ganga milli heimilis og skóla fóru vel af stað og unnið er markvist með þær. Börnin voru áhugasöm og stolt af bókunum sínum og fannst gaman setja inn ný orð. Unnið er með orðaforðagátlista frá „Orðaskil Málþroskapróf“ og „Orðaforðalista Menntamálastofnunnar“. Einnig voru gerðar sér samverustundir þar sem unnið var með efni úr Tölum saman til þess að dýpka skilning og auka samskipti.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Samverustundir eru í litlum hópum til að starfsmaður nái betur til allra barna og nái meiri samtali, unnið er með orðaspjall og orðaskjóðu. Einnig er lesið og rætt um bækur og lagatexta þar sem orð eru útskýrð og rædd.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku?	Farið er yfir grunnorðaforða og athugað hvaða orð barnið kann. Síðan er byrjað að byggja ofan á þann grunn með orðaforðabókum og samvinnu milli heimilis og leikskóla. Mánaðarlega er farið yfir framfarir og sett plan um áframhald. Notast er við Efi, Tras, Orðaskil og máhljóðamælinn.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Unnið er heildrænt út frá hverju barni fyrir sig. Markviss vinna er unnin með alla þætti í samstarfi við heimili og út frá áhugasviði og styrkleikum barnsins og sérstök áhersla lögð á félagsleg tengsl og samskipti.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umbætur fjöltyngi							
Hæfniramar	Innleiða á skráningar tækið, „Hæfniramma á íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	Sérkennslustjóri og annað starfsfólk fylla út Hæfniramma n fyrir öll börn sem eru að læra fleiri en eitt tungumál	Sérkennslustjóri	Nóv	Mar s	Gátlisti	Öll börn sem læra fleiri en eitt tungumál eigi útfyllta lista
Orðaforðalistar	Að til verði „nú tímalegir“ orðaforðalistar með orðum sem nýtast börn dagsdaglega og í samskiptum	Sérkennslustjóri og verkefnastjóri uppfæra lista og myndir	Sérkennslustjóri	Sept	Nóv	Gátlisti	Tilbúnir verði orðaforðalistar
Málstefna	Að til verði málstefna Engjaborgar	Fræðsla á starfsdögum Fræðsla frá pólskum brúarsmiði	Sérkennslustjóri	Okt	Jan	Gátlisti	Til verði Málstefna Engjaborgar
Einstaklingslestur	Að auka orðaforða og skilning barn	Einstaklingslestur í samstarfi við foreldra	Verkefnastjóri	Sep	Apr	Gátlista	Öll börn sem þurfa fá einstaklingslestur eina viku í mánuði



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Áfram verða mánudagar **fundardagar** og þá eru stjórnteymisfundir, deildarstjórafundur, deildarfundir og teymisfundir.

Við ætlum að styrkja okkur í starfsmannasamtölum með því að nota **snerpusamtöl** markvisst. Deildarstjórar eiga samtál við starfsfólk deilda annan hvern mánuð, leikskólastjóri á samtál við stjórnendateymi leikskólans annan hvern mánuð. Búið er að ákveða þema viðtalsins fyrirfram, starfsmenn setja sér markmið fyrir næsta samtál og það svo skoðað í því næsta. Búið er að setja í leikskóladagatalið hvernær samtölin eiga að vera og setja upp verkferil um samtölin og úrvinnslu úr þeim.

„**Ráðgjafarfundir**“ verða tvisvar á önn fyrir hverja deild og sitja þá starfsfólk deilda og „ráðgjafateymi“ leikskólans og finna leiðir sem styrkja starfsfólk í að taka á erfiðari hegðun. Starfsfólk getur alltaf leitað til þessa sama teymis hvort sem það þarf ráðleggingar við að sinna börnum eða ef það á í samskiptavanda við annað starfsfólk. Við eigum eftir að finna gott nafn á þessa fundi.

Starfsþróunarsamtöl eru í apríl/maí og það er leikskólastjóri sem tekur þau.

Fræðsla:

Þeir starfsdagar sem búið er að skipuleggja:

Á fyrsta starfsdegi leikskólaársins verður farið yfir „Samskiptasáttmála Engjaborgar“, gildi Engjaborgar og Starfsmannahandbók. Myndböndin okkar verða skoðuð og farið yfir teymi vetrarins og hlutverk þeirra.

Á öðrum starfsdegi verður lögð áhersla á málstefnuna og námskráðgerð.

Allir deildarstjórar fara á námskeið Skóla – og frístundasviðs og Menntavísindasviðs.

7 Skipulagsdagar

6 . september

13. október

24. nóvember - Sameiginlegur starfsdagur í Grafarvogi

6. febrúar – Sameiginlegur starfsdagur í Grafarvogi

12. apríl

17.maí – Sameiginlegur starfsdagur í Grafarvogi

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og eru þau þegar barnið á afmæli og svo sex mánuðum seinna. Hjá elstu börnunum eru samtöl í apríl/maí. Við lítum svo á að afmælissamtalið sé „skyldusamtal“ og leggjum mikla áherslu á að foreldrar mæti í það. Auk þessa geta foreldrar alltaf beðið deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra um samtal. Deildarstjórar setja upp plan í upphafi leikskólaárs fyrir allt árið.

Foreldrum er boðið að taka þátt í viðburðum eins og morgunmat, smákökuboð, bóndadagskaffi, konudagskaffi, opið hús og sumarhátíð.

Starfandi er foreldrafélag sem styður við starf leikskólans og sér um ýmsa viðburði.

Í september er foreldrafundur þar sem starfsemi deilda er kynnt og kosið er í foreldraráð. Í foreldraráði skulu verða að minnsta kosti þrjú foreldrar og starfar leikskólastjóri með foreldraráðinu. Foreldraráðið gefur umsagnir um áætlanir leikskólans og fylgist með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans. Foreldraráðið hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar innan leikskólans.

Á leikskólaárinu sem er að líða voru fimm foreldrar í foreldraráði og hittust á sex vikna fresti og farið var yfir málefni leikskólans og þær áætlanir sem gerðar voru á árinu.

9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis

Samstarf Engjaskóla, Brosbæjar og Engjaborgar miðar að því að auðvelda börnunum flutning af einu skólastigi yfir á annað. Elstu börnin í Engjaborg eru flest væntanlegir nemendur Engjaskóla og Brosbæ og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnast starfinu þar.

Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.

9.1 Samstarf Engjaskóli – Engjaborg – Brosbær 2023– 2024

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
21. ágúst kl. 16.00	Æfingar elstu barna leikskólans fyrir útskrift/kveðjustund fara fram í Engjaskóla	Engjaskóli	Deildarstjórar sjá um að bóka sali hjá skrifstofustjórum Engjaskóla.
21. ágúst kl. 17.00	Útskrift/kveðjustund. Elstu börn leikskólans bjóða foreldrum og gestum í sal Engjaskóla. Söngur og fleira skemmtilegt. Eftir það er komið saman í Engjaborg notið veitinga og spjallað.	Engjaskóli og Engjaborg	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá skrifstofustjóra Engjaskóla.
11. okt. kl. 8.30-9.40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk.	Engjaskóli stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
16. nóv. kl. 10.00	5. bekkur í Engjaskóla les fyrir börnin í Engjaborg í tilefni af degi íslenskrar tungu. Nokkur börn mæta í einu.	Engjaborg	Stjórnendur og umsjónarkennara í 7. og 5. bekk.
10. nóv. kl. 10.00	Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann	Engjaborg	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar.
20. nóv. kl. 9.00-10.00	Heimsókn elstu barna leikskólanna í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim og sýna skólann. Hittast niðri við salinn.	Engjaskóli	Stjórnendur, Engjaskóla hafa samband við leikskólana
8. des. kl. 9.00	Nemendur fyrsta bekkjar og leikskólabörninn hittast í Engjaskóla. Jólalögin sungin. Heitt súkkulaði í boði grunnskólans og piparkökur í boði leikskólans.	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.



14. des. kl. 9:00	Börnin í 5. bekk lesa upp jólakveðjur í leikskólunum frá grunnskólabörnunum í Engjaskóla.	Engjaborg	5. bekkja kennari í samráði við deildarstjóra elstu barna.
24. nóv. kl. 10:00-11:00	Kynning á starfi og reglum.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna.
16. jan. kl. 12:15-13:30	Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann og nemendur hafa það gaman saman	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
Skipulagt af fagstjóra grunnskólans	Leikskólabörnum boðið í íþróttir, smíði, heimilisfræði, textílmennit og myndmennt í bekk Engjaskóla . Börnin fara í hópum. Ákveðið þegar nær dregur.	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
19. apríl kl. 8:30-9:40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk	Engjaskóli stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
13.mái kl. 15:00	Vorskólaheimsóknir elstu barna og foreldra í Engjaskóla á vegum grunnskólans. <u>Foreldrar fara með sínu barni</u>	Engjaskóli	Skólastjórnendur grunnskóla
11. mars kl. 13:00-14:00 6. maí kl. 14:00-15:00	Tvær heimsóknir í Brosbæ. Fyrri heimsókn, kynning á starfi og reglum. Seinni heimsókn, þátttaka í starfi frístundaheimilanna.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna
21.júní Kl. 10:00	Farið yfir síðustu samstarfsáætlun og drög unnin að næstu áætlun.	Engjaskóli	Aðstoðarskólastjóri Engjaskóla og deildarstjóri Vesturengis



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

10.2 Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal Engjaborgar 2023-2024

10.3 Fylgiskjal 3 - Matsáætlun Engjaborgar 2023-2024

F. h. leikskólans Engjaborgar

Pála Pálsdóttir
Leikskólastjóri

29. júní 2023
Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024 Engjaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Freyja Óskarsdóttir

Hjörtur Freyr Garðarsson

Sara Sigurjónsdóttir

Silja Karen Lindudóttir

Valdís Bára Baldvinsdóttir

Valdís María Einarsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Engjaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2023-2024. Er það mat foreldraráðs að starfsáætlun sé í anda þeirra viðmiða sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur sett leikskólum borgarinnar jafnframt sé fjallað um öll atriði sem kveðið er á um í aðalnámskrá leikskóla.

Leikskólaárið sem nú er að líða (2022-2023) gekk vel fyrir sig. Náðist að halda í setta stefnuskrá fyrir árið á flestum sviðum og telur foreldráð að allir forráðamenn séu sammála um að vel hafi tekist til á árinu sem er að líða. Öllum samgöngutakmörkunum var létt í febrúar 2022 og hefur það verið mikil ánægja að sjá starfið taka á sig eðlilega mynd. Með engar takmarkanir á samgöngur hefur gengið vel að minnka bilið milli starfsfólks og forráðmanna, auk þess að einfaldara hefur verið fyrir foreldra að kynna sér það góða starf sem fer fram í leikskólanum.

Starfsfólk leikskólans sinnir starfi sínu af miklum metnaði og fagmennsku. Á árinu var sett af stað verkefni þar sem forráðamenn voru spurð um álit á því hvernig best þeim finnst að koma með börn í leikskólann og hvernig best sé að sækja þau. Auk þess var vel fylgst með og forráðamenn oft spurð út í upplifun sína á ýmsum uppákomum sem leikskólinn stóð að. Þessar verkreglur hafa stutt að því að forráðamenn fá aukna sýn inn í starfsemi og hjálpar starfsfólki að fá vitneskju um upplifun forráðamann á starfi leikskólans.

Mikill metnaður er í starfi starfsfólksins við Engjaborg og hlakkar foreldraráðið til að sjá allt sem þau hafa lært á undanförunum mánuðum og hvernig þau munu nýta það í daglegum verkefnum með börnunum. Ánægjulegt er að sjá hversu öflugt starfsfólk hefur verið í því að afla sér nýrra þekkingar og hversu áhugasamt það hefur verið í að sækja námskeið sem styrkja þau í starfi.





2023-2024	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí
Mat á námi og velferð barna	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2 Hljóm2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2 Hljóm2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2
Samskipti	Vinatengsl	Ég og börnin	Gæðamálörvun	Ég og foreldrar	Vinatengsl	Ég og börnin	Gæðamálörvun	Ég og foreldrar	Vinatengsl
Úr Starfsáætlun Engjaborg 2023-2024	Foreldrasamtöl bls 8	Áhrif starfsfólks bls 7 Friðengi bls 8	Undibúniningstímar bls. 7 Orðaforðalisti FT bls 21	Stærðfræði VE bls 17	Málstefna FT Bl 21	Storrytelling VE bls 17 Hlutverkaleikur Ve bls 17	Námskrá bls 8 Styrkleikar bls 9 Floorbooks SE bls 11 BBB SK bls 19 Hæfnrammi FT bls 21	Fræðsla bls. 7 Barnateymi b 8 Storrytelling SE bls 11 Floorbooks NEog VE bls 13+17 Verklag Sér 19 Teach Sér bls 19 Einstaklingsle FT b 21	Ráðgjöf bls 8 Hrós bls. 9 Pátttaka SE, AE, NE, VE Bls. 11+13+15+17 Floobooks AE B13 Sögugerð AE, NE bls. 13+15
Símat	Stjórnteymisf Deildarstjóraf Deildarfundir Snerpusamtal	Stjórnteymisf Deildarstjóraf Deildarfundir Snerpusamtal	Stjórnteymisf Deildarstjóraf Deildarfundir Snerpusamtal	Stjórnteymisf Deildarstjóraf Deildarfundir Snerpusamtal Fundarröð	Stjórnteymisf Deildarstjóraf Deildarfundir Snerpusamtal	Stjórnteymisf Deildarstjóraf Deildarfundir Snerpusamtal	Stjórnteymisf Deildarstjóraf Deildarfundir Snerpusamtal	Stjórnteymisf Deildarstjóraf Deildarfundir Snerpusamtal	Stjórnteymisf Deildarstjóraf Deildarfundir Snerpusamtal Fundarröð
Teymisfundir	Mats Útiveru	Flæðis Könnunaraðfer Umhverfi Fundarröð	Málörvunar Vináttu Könnunaraðfer	Matartíma	Mats Útiveru	Flæðis Könnunaraðfer Fundarröð	Málörvunar Vináttu Umhverfis	Mats Matartími Könnunaraðfer	Útveru Flæðis Könnunaraðfer
Barnateymi	Útivera	Flæði	Samverustundir	Matartími	Útiveru	Flæði	Samverustundir	Matartími	
Jafningamat	Sjálfsfelling	Félagsfærni	Sköpun	Heilbrigði	Læsi	Sjálfsfelling	Félagsfærni	Sköpun	Heilbrigði/Læsi
Málefni líðandi stundar									
Foreldrasamtal	Aðlögun		Barn vikunnar		Útivera		Foreldrasamtöl		Ráðgjöf

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Engjaborg :)**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ Sumarlokun	1 F	1 S	1 M	1 F Jólatrið - smákökubóð	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M Sumarlokun	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómennadagurinn	2 Þ
3 F Sumarlokun	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M Ævintýraengi	3 M
4 F Sumarlokun	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M Starfsdagur	6 F Foreldramorgunmatur	6 M	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans - starfsdagur	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M Sumarlokun	7 F Önnur aðlögun	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M Fundarröð	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ Sumarlokun	8 F	8 S	8 M	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 F Fundarröð	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M Leikskólinn opnar	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F Fundarröð	9 L	9 Þ	9 F Uppsýningardagur	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M Sumarlokun
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F Sumarlokun
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F Starfsdagur	12 S	12 M	12 F Sumarlokun
13 S	13 M	13 F Starfsdagur	13 M	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F Jólabað	14 S	14 M Óskudagur	14 F	14 S	14 Þ	14 F Sumarhátíð	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M Sumarlokun
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 Þ	16 F Stelpukaffi	16 L	16 Þ	16 F Ópið húsi	16 S	16 Þ Sumarlokun
17 F	17 S	17 Þ Fundarröð	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F Menntastofnumót - samstarfsdagur	17 M Lyðveldisdagurinn	17 M Sumarlokun
18 F	18 M	18 M Fundarröð	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F Sumarlokun
19 L	19 Þ	19 F Fundarröð	19 S	19 Þ	19 F Böndadagur - Strákakaffi	19 M	19 Þ	19 F	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F Sumarlokun
20 S	20 M	20 F	20 M	20 L Dagur mannréttinda barna	20 M	20 Þ	20 M	20 L	20 M Annar í Hvítasunnu	20 F	20 L
21 M Útskrift	21 F Þriðja aðlögun	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ Aðlögun á milli deilda	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M Sumarlokun
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Sumarlokun
24 F Fyrsta aðlögun	24 S	24 Þ	24 F Starfsdagur - jólagleði	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Pálmasunnudagur	24 M	24 F	24 M	24 M Sumarlokun
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F Sumarlokun
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F Sumarlokun
27 S	27 M Foreldrafundur	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F Skírdagur	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F Föstudagurinn langi	29 M	29 M	29 L	29 M Sumarlokun
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ Sumarlokun
31 F		31 Þ		31 S Gamlaársdagur	31 M		31 S Páskadagur		31 F		31 M Sumarlokun

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu sam ráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka